



Reykjavík, 31. október 2024

FAS24100044

1210

## Borgarráð

### ***Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2025***

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2025 verði eftirfarandi:

#### **Viðmiðunartekjur**

##### **I. Réttur til 100% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur allt að 5.750.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 8.020.000 kr.

##### **II. Réttur til 80% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur á bilinu 5.750.001 til 6.580.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.020.001 til 8.890.000 kr.

##### **III. Réttur til 50% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.580.001 til 7.650.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.890.001 til 10.620.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

#### **Greinargerð:**

Hækkun bóta almannatrygginga á árinu 2024 var 6,85% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2025 nemur 600 milljónum króna og rúmast hann innan fjárheimilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2025.

**Einar Þorsteinsson**



**Reykjavík**